

Varnarefni

Í Jörð.is er mögulegt að skrá notkun varnarefna. Þegar farið er inn í kaflann Varnarefni – Aðgerðir þá kemur upp þessi hefðbundna valmynd; „Nýskrá notkun varnarefnis“ eða „Nýskrá fyrir margar spildur“ en að auki er þarna inni listi yfir öll leyfð varnarefni samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun.

Varnarefni

Aðgerðir

- Nýskrá notkun varnarefnis
- Nýskrá fyrir margar spildur
- Skoða lista yfir varnarefni

Með því að smella á „Skoða lista yfir varnarefni“ þá kemur upp listi af þeim efnum sem eru á skrá Umhverfisstofnunar, þó með þeim fyrirvara að fyrir ofan listann kemur fram hvenær listinn var síðast uppfærður.

Varnarefni Síður

Samkvæmt lista frá Umhverfisstofnun sem gefinn var út 04.01.2016.

Heiti	Framleiðandi	Númer	Tegund	Virk efni	Umboðsmaður	Gildir til	Umbúðir	Form	Notkun	Uppskerufrestur	Notendaflokkur
Admire	Bayer CropScience	T-2014-014	Plöntulyf - Skordýraeyðir	Imidaklópríð 700 g/kg	Bændasamtök Íslands, Hagatorgi Bændahöll, 107 Reykjavík, s. 563 0300	31.07.2020	100 g	Kými til upplausnar í vatni	Gegn blaðlús, mjöllús, kögurvængjum og ranabjöllu á skrautjurtum, tómötum, gúrkum og papriku. Eingöngu til notkunar í gróðurhúsum.	Tómatar, gúrkur og paprika: 3 dagar	Notkun í atvinnuskyni
Afalon lausn	Makhteshim-Agan	T-2014-012	Illgresiseyðir	Linúrón 450 g/l	Bændasamtök Íslands, Hagatorgi Bændahöll, 107 Reykjavík, s. 563 0300	31.07.2017	100 ml; 1,0 l; 5,0 l plastbrúsi	Lausn til þynningar	Gegn illgresi í kartöflu-, gulróta-, steinselju-, blaðlauks- og rabarbaragörðum og í gróðrarstöðvum	Gulrætur 50 dagar, steinselja 90 dagar	Almenn notkun

Þarna kemur fram listi yfir öll samþykkt varnarefni, Heiti, Framleiðandi, Númer, Tegund, Virk efni og svo frv. Hægt er að raða listanum upp eftir því sem skoða á sérstaklega hverju sinni með því að smella á viðkomandi dálkfyrirsögn.

Þegar notkun varnarefnis er skráð er viðkomandi spilda fyrst valin (hakað við margar þegar valið er „nýskrá fyrir margar spildur“), síðan er skráð dagsetning dreyfingar og varnarefni valið úr lista og þá færast sjálfkrafa meðfylgjandi upplýsingar í dálk til hægri. Þá á notandi aðeins eftir að skrá heildarmagn á spildu eða á hektara, magn og heiti íblöndunarefnis og hver uppskerufrestur er. Þá er möguleiki á að skrá ítarlegri upplýsingar í athugasemdir.

Skrá notkun varnarefnis

Spilda:	<input type="text" value="17 - hyrningur"/>	Valið efni:	
Dagsetning:	<input type="text" value="10.6.2015"/> <small>Today</small>	Heiti:	Afalon lausn
Efni:	<input type="text" value="Afalon lausn"/>	Framleiðandi:	Makhteshim-Agan
Heildarmagn (l/kg):	<input type="text"/>	Númer:	T-2014-012
Magn á Ha. (l/kg):	<input type="text"/>	Tegund:	Illgresiseyðir
Magn íblöndunarefnis (l/kg)/ha:	<input type="text"/>	Virk efni:	Linúrón 450 g/l
Heiti efnis:	<input type="text"/>	Umboðsmaður:	Bændasamtök Íslands, Hagatorgi Bændahöll, 107 Reykjavík, s. 563 0300
Uppskerufrestur:	<input type="text"/> <small>Today</small>	Gildir til:	07/31/2017
Athugasemdir:	<div style="border: 1px solid #ccc; height: 80px;"></div>	Umbúðir:	100 ml; 1,0 l; 5,0 l plastbrúsi
		Form:	Lausn til þynningar
		Notkun:	Gegn illgresi í kartöflu-, gulróta-, steinselju-, blaðlauks- og rabarbaragörðum og í gróðrarstöðvum
		Uppskerufrestur:	Gulrætur 50 dagar, steinselja 90 dagar
		Notendaflokkur:	Almenn notkun